

**Alþingi**

**Allsherjar- og menntamálanefnd**

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni (268. mál).**

Í nútímaþjóðfélagi er efling máltækni mjög nauðsynleg vegna aukinna samskipti manna við tölvur. Tæknin á einnig stóran þátt í því að efla samskipti manna á milli og auðveldar samskipti milli fjarlæggra staða og ólíkra tungumálahópa og samskipti manna á milli með aðstoð tækninnar fer vaxandi. Á Íslandi eigum við okkar eigin tungu sem gerir okkur að einni þjóð en aukin samskipti við erlend tungumál gera það að verkum að við eigum í vök að verjast til að halda í tungumál okkar og sértöðu. Þróun og útfærsla á máltækni fyrir íslensku er því mjög mikilvæg ef við viljum halda þessari sérstöðu. Það er óviðunandi að allar framfarir í máltækni gerist með handaflinu einu saman, séu háðar samkeppnissjóðunum og áhugasviði sérfræðinga í upplýsingageiranum á hverjum tíma. Þessi tillaga er til þess fallin að gera þróun máltækni fyrir íslensku sjálfbæra og væri það Alþingi til sóma ná slíku markmiði.

Á ensku málsvæðunum er fólk farið að tala og hlusta á tækin sín, það hringir í róbotu og pantar flugmiða, lögfræðingar geta framkvæmt sjálfvirka leit í málflutningi fyrir dómstólum og lækna fá ritaðar sjúkraskýrslur á sjálfvirkann hátt strax eftir upplestur. Samskipti manna og tölva með talmáli hefur tekið stakkaskiptum síðustu ár þar sem nákvæmni talgreina hefur náð yfir þann þroskuld sem þarf til þess að tæknin sé nýtanleg. Þetta hefur kostað mikla rannsóknar- og þróunarvinnu.

Sem betur fer þarf ekki að leggja í alla þá vinnu sem enska málsvæðið hefur stundað til þess að ná árangri fyrir íslensku. Hægt verður að nýta sér ýmsa tækni og þekkingu sem komin er til þess að koma íslenskri talgreiningu á laggirnar. Það þarf hinsvegar fólk með þekkingu á þessari tækni til þess að yfirfæra þann árangur sem náðst hefur í ensku til að yfirfæra þá þekkingu á íslenskt mál. Yfirfærslan á tækninni og aðlögun að íslensku krefst sérhæfðs starfskrafts.

Máltænin felur í sér ýmsa aðra möguleika en talgreiningu. Það er mikilvægt að greina hvaða möguleika máltækninar er verðugt að skoða og nýta hér á landi til að mæta kröfum nútímans. Því fagna ég að þessi tillaga er komin fram og hvet Alþingi eindregið að samþykkja hana.

Viðringafyllst,

dr. Jón Guðnason  
lektor við Háskólann í Reykjavík